



MARKAÐSSTOFA
REYKJANESS

HEKLAN

ATVINNUÞRÓUNARFÉLAG
SUÐURNESJA

81. fundur Heklunnar – Atvinnuþróunarfélags Suðurnesja og Markaðsstofu Reykjaness haldinn á Teams föstudaginn 8. janúar 2021, kl. 8:30.

Mætt eru: Sigurgestur Guðlaugsson, Fannar Jónasson, Magnús Stefánsson, Pálmi Randversson, Guðjón Skúlason, Daníel Arason og Berglind Kristinsdóttir. Fundargerð ritaði Dagný Gísladóttir.

Dagskrá:

1. Starfsáætlun 2021
2. Fundur með atvinnulífinu á Suðurnesjum – SG og BK
3. Atvinnustefna fyrir Suðurnes – staðan á verkefninu SG og BK
4. Atvinnuleysistöður
5. Önnur mál

1. Mál Starfsáætlun 2021

Berglind kynnti starfsáætlun fyrir árið 2021 sem byggð er á grunni Byggðastofnunar. Starfsáætlunin er samþykkt.

2. Mál Fundur með atvinnulífinu á Suðurnesjum – SG og BK

Berglind kynnti árlegan vetrarfund sem að þessu sinni verður haldinn á netinu 29. janúar, kl. 9:00. Markmið fundarins er að fyrirtæki á svæðinu geti gert sér grein fyrir því hvað sé framundan í ferðaþjónustu komandi sumar.

3. Mál Atvinnustefna fyrir Suðurnes – staðan á verkefninu SG og BK

Berglind kynnti stöðu verkefnisins. Stefnt er að því að vinni ljúki í feb/mars.

4. Mál Atvinnuleysistöður

Berglind kynnti skýrslu Vinnumálastofnunar frá nóvember. Ný gögn koma 15. janúar sem gefa yfirsýn yfir stöðuna í desember. Atvinnuleysi er 21,4% að meðaltali á Suðurnesjum í nóvember þar af hefur 20% þess hóps verið lengur en 12 mánuði án atvinnu.

Atvinnuleysi í Reykjanesbæ var 23,3%, 13,8% í Grindavíkurbæ, 15% í Sveitarfélaginu Vogum og 16,6% í Suðurnesjabæ. Sé horft sérstaklega til atvinnuleysis kvenna var 25,5% atvinnuleysi í Reykjanesbæ, 17% í Grindavíkurbæ, 16,8% í Sveitarfélaginu Vogum og 17,4% í Suðurnesjabæ.

BK sagði frá því að óskað hefði verið eftir fundi á Suðurnesjavettvangnum m.a. til þess að fara yfir þetta mál.

Stjórn Heklunnar og Markaðsstofu Reykjanes lýsa yfir þungum áhyggjum að fjöldi þeirra sem hafa verið á atvinnu lengur en í 12 mánuður og hversu hátt atvinnuleysi er meðal kvenna.

5. Önnur mál.

Samþykkt að festa fundi annan föstudag hvers mánaðar kl. 8:30. Framkvæmdastjóra falið að senda út fundarboð til stjórnar þess efnis.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 9.01.